

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um meðferð barna og unglings sem upplifa kynmisræmi hjá transteymi barna- og unglingsageðdeildar Landspítala.

Frá Silju Dögg Gunnarsdóttur.

1. Hversu mjög hefur færst í vöxt að börn og unglingsar leiti til transteymis barna- og unglingsageðdeildar Landspítala og hljóti meðferð vegna kynmisræmis? Óskað er eftir yfirliti yfir fjölda tilfella á ári undanfarin tíu ár og hlutfallslega heildaraukningu þann tíma.
2. Hversu margir hafa skjólstæðingar sem eru líffræðilega kvenkyns verið á móti þeim sem eru líffræðilega karlkyns hvert ár undanfarin tíu ár?
3. Hversu margir þeirra sem leitað hafa til teymisins hafa einnig verið greindir með aðra geð- og taugaröskun?
4. Hver er meðalaldur barna og unglings sem hefja inntöku á stopphormónum og hversu gömul eru yngstu börnin sem hljóta þessa meðferð?
5. Hversu margir þeirra sem leita til teymisins hefja meðferð með stopphormónum? Hversu mörg börn og unglingsar hafa hafið meðferð með stopphormónum árlega undanfarin tíu ár?
6. Hversu margir þeirra sem hefja inntöku stopphormóna hefja síðar meðferð með krosshormónum?
7. Hversu margir þeirra sem leita til teymisins hefja meðferð með krosshormónum án þess að hafa áður verið á stopphormónum?
8. Hvaða upplýsingar koma fram í skjali um upplýst samþykki fyrir hormónameðferð?
9. Hvaða önnur meðferð en hormónameðferð er veitt hjá teyminu?
10. Hver sér um formlega skráningu aukaverkana er koma í ljós við hormónameðferð, í ljósi þess að slík meðferð er veitt án samþykkrar ábendingar?

Skriflegt svar óskast.